

Viðauki við samkomulag
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag íslenskra náttúrufræðinga
hins vegar
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila
undirritað 6. júní 2011

1. gr.
Akstur til og frá vinnu

Grein 5.4.4 breytist og verði svohljóðandi:

5.4.4 Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 5 km (loftlína) utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslu ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

Ný grein 5.4.5 hljóði svo:

5.4.5 Heimilt er í stofnanasamningi skv. kafla 11 að semja nánar um hvernig ákvæði kafla þessa skulu framkvæmd í einstökum tilfellum, svo og ef um sérstakar aðstæður er að ræða til dæmis dvöl í óbyggðum, á sjó eða langdvöl á ferðum.

2. gr.
Gisting og aðbúnaður

Grein 5.10.1 breytist og verði svohljóðandi:

5.10 Gisting og aðbúnaður

5.10.1 Sé starfsmanni sem er við störf fjarri heimili sínu, gert að gista í húsnæði eða skipi sem er í eigu eða í notkun á vegum vinnuveitanda, skal sú aðstaða uppfylla kröfur viðkomandi laga um aðbúnað starfsmanna.

Við kafla 5.10 bætist ný grein sem verður gr. 5.10.6 og hljóðar svo:

5.10.6 Heimilt er í stofnanasamningi skv. kafla 11 að semja nánar um hvernig ákvæði kafla 5.10 skulu framkvæmd í einstökum tilfellum svo og ef um sérstakar aðstæður er að ræða, til dæmis dvöl í óbyggðum, á sjó eða langdvöl á ferðum.

Lög og reglugerðir sem litið er til:

Lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

Reglugerð um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, nr. 200/2007.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinustöðum, nr. 46/1980.



Viðauki við samkomulag
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félag íslenskra náttúrufræðinga
undirritað 6. júní 2011

Bókun 1

Þar sem svo háttar til að veikindi eða slys eða önnur forföll geta komið í veg fyrir að starfsmenn séu þátttakendur í vinnulotum sem hafa umtalsverð áhrif á heildarlaun er umhugsunarvert hvernig hægt sé að bregðast við tekjumissi starfsmanna.

Í fyrsta lagi ætti meðaltalsregla 12. kafla um laun í slys- og veikindatilfellum að hafa nauðsynleg jöfnunaráhrif.

Sé um að ræða slík tilfelli að það vegi ekki nógu þungt á móti vinnumissinum, skal stofnun leitast við að dreifa vinnu starfsmanna til jöfnunar.


Þyki ástæða til geta samstarfsnefndir stofnunar tekið slík einstök dæmi til umræðu og heppilegt væri að ákveðið viðbragðsferli væri þekkt á stofnuninni í dænum sem skapa alvarlegar tekjusveiflur.

Bókun 2

Þrátt fyrir ákvæði 11 gr. í samkomulagi fjármálaráðherra f.h ríkissjóðs og aðildarfélaga BHM um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila þá verður 11. kafli í gildandi kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálráðherra f.h ríkissjóðs óbreyttur.

Reykjavík, 6. júní 2011

f.h. fjármálaráðherra með
fyrirvara um samþykki



f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna



Jón Hallgrímsson
með Björn Þánesodóttir